

Miðvikudaginn 21. nóv. 1928.

Nr. 57/1928.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Ásgeiri Ásmundssyni
(Pjetur Magnússon).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. ág. 1928: Kærður, Ásgeir Ásmundsson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Ennfremur greiði kærður 100 króna sekt í Menningarsjóð innan sama tíma, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lög-
reglurjettardómi verður að telja það sannað, að kærði hafi þ. 15. júlí þ. á. selt þrjár flöskur af víni, er fengnar höfðu verið í áfengisverslun ríkisins. Með þessu hefir kærður, er eigi hefir rjett til að selja vinföng þau, er ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt heimild í lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923, gjörst brotlegur gegn 15. gr. í þágildandi reglugjörð nr. 65 frá 18. júlí 1922, en refsíákvæðin fyrir brot þetta er nú að finna í 32. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, er komið hefir í stað 2. og 3. mgr. í 15. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917.

Ennfremur er það sannað, að kærði hefir 18. júlí þ. á. verið ölvaður inni í veitingahúsi hjer í bænum og heyrir brot þetta undir 16. gr. áfengislaganna.

Með tilliti til þess, að kærða hefir 7 sinnum áður verið refsað fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, þar af

5 sinnum fyrir sölu áfengis, ákveðst refsing hans fyrir framangreind brot samkv. 32. og 36. gr. áfengislaganna 7. maí 1928 þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Ásgeir Ásmundsson, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði 1500 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ásgeiri Ásmundssyni, Grundarstig 2 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna og laga um verslunaratvinnu,

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Laugardagskvöldið 14. þ. m. kl. 12 síðdegis voru þeir á gangi uppi í bæ Magnús Vigfússon, Amtmannsstig 5, Helgi Sigurðsson, húsgagnasmiður, Laugaveg 83 og Simon Þórðarson, lögfræðing-

ur. Fór þá Magnús Vigfússon inn í húsið nr. 2 við Grundarstíg en í því húsi býr kærður í þessu máli. Er Magnús kom út úr húsinu aftur var lögreglan til staðar og tók Magnús fastan og fór með hann niður á lögreglustöð og tók þar af honum 3 1/1 flöskur af spánarvínunum, er Magnús kvaðst hafa keypt af kærðum.

Kærður hefir stöðugt haldið því fram undir rannsókn þessa máls, að hann hafi alls ekki selt Magnúsi þetta áfengi. Magnús Vigfússon, sem var leiddur vitni í þessu máli, hefir hinsvegar gefið þá skýrslu hjer fyrir rjettinum og unnið eið að henni, að hann hafi keypt þessar 3 1/1 flöskur af spánarvini af kærðum. Vitnið Helgi Sigurðsson hefir einnig staðfest þá skýrslu sína með eiði, að hann hafi komið með Magnúsi heim að Grundarstíg 2, og hafi Magnús ekkert áfengi haft meðferðis, er hann fór inn í húsið og hafi farið þangað inn til þess að kaupa spánarvín af kærðum. Einnig hefir Simon Þórðarson borið það sama hjer fyrir rjetti. Það má því teljast fullsannað, að Magnús Vigfússon hafi farið inn í húsið nr. 2 við Grundarstíg þetta umrædda kvöld og hafi hann þá ekkert áfengi haft meðferðis. Magnús hefir og haldið því fram, að er hann kom í húsið nr. 2 við Grundarstíg hafi hann farið beint inn í herbergi kærðs og kemur það heim við eiðfestar vitnaskýrslur vitnanna Ásgrims Jónssonar, Lindargötu 43 B og Erlends Erlendssonar Njálsgötu 7, er voru þá staddir á ganginum fyrir framan herbergisdyr kærðs og sáu báðir Magnús, er hann fór þar inn. Þá hefir Magnús haldið því fram að hann hafi alls ekki farið lengra inn í íbúðina en inn í herbergi kærðs, sem er fyrsta herbergi við ganginn, og kemur það heim við eiðfesta vitnaskýrslu Siggeirs Einarssonar, Njálsgötu 39 B, með því að hann hefir staðfest það með eiði, að Magnús hafi komið inn í herbergi kærðs þetta umrædda sinni og að hann hafi ekki farið lengra en inn í herbergi kærðs nje talað við aðra en kærðan. Það má því teljast fullsannað að Magnús hafi komið inn í herbergi kærðs á þessum tíma, þrátt fyrir mótmæli kærðs. Það er og sannað með eiðfestri vitnaskýrslu vitnanna Siggeirs Einarssonar, Ásgrims Jónssonar og Erlends Erlendssonar, að Magnús fór út um sömu dyr frá kærðum og hann fór inn um. Ennfremur tók Erlendur Erlendsson eftir því, að þegar Magnús kom út frá kærðum, þá var hann fyrirferðarmeiri en hann átti vanda til og er Magnús kom út úr húsinu var lögreglan til staðar og fann á

honum 3 1/1 flöskur af spánarvínnum, og hefir lögregluþjónn **Karl** Guðmundsson staðfest þá skýrslu sína hjer fyrir rjetti.

Ósamræmi það sem kemur fram í vitnaskýrslu Magnúsar **Vigfússonar** annarsvegar og Ásgrims Jónssonar hinsvegar um um það, að áfengið hafi verið rjett út um gættina á dyrunum, en hinir hafa haldið því fram hinsvegar, að það geti ekki átt sjer stað, virðist ekki skifta hjer neinu máli, því að eftir því sem fram er komið í þessu máli, þá hefir Magnús fengið þetta áfengi inni í herbergi kærðs og hjá kærðum sjálfum.

Við húsrannsókn, er fram fór hjá kærðum 21. f. m. fundust 9 1/1 af spánarvínnum.

Það virðist því eftir framkomnum gögnum vera fullsannað, þrátt fyrir mótmæli kærðs, að hann hafi selt Magnúsi **Vigfússyni** 3 1/1 flöskur af spánarvínnum þetta umrædda kvöld, enda hefir kærður verið margoft dæmdur fyrir samskonar brot áður.

Í öðru lagi hefir Ásgeir Ásmundsson verið kærður fyrir það, að hafa verið ölvaður inni í kaffihúsinu »Fjallkonan« hjer í bænum, og er það fullsannað með eigin játningu hans, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Kærður hefir oft áður orðið uppvís að brotum gegn ákvæðum áfengislöggjafarinnar. Í fyrsta skifti 27. júní 1923 undirgekt hann í lögreglurjetti Reykjavíkur 400 kr. sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, er fanst í vörslum hans, 30. september 1924 undirgekt hann 200 króna sekt í sama rjetti fyrir samskonar brot; hinn 27. október 1924 var hann í lögreglurjetti Reykjavíkur dæmdur í 30 daga einfalt fangelsi og 1000 króna sekt fyrir áfengissölu, 18. mars 1925 var hann dæmdur í sama rjetti í 30 daga fangelsi við venjulegt fanga- viðurværi og 1500 krónur í sekt fyrir sama brot. Ennfremur var hann 23. júlí 1926 dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir áfengissölu. Þá var hann og 3. apríl 1928 dæmdur í 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir áfengissölu og loks 17. apríl 1928 í 120 daga fangelsi við venjulegt fanga- viðurværi og 2000 króna seki fyrir sama brot.

Hið fyrtalda brot kærðs. sem er framið eftir 1. júlí þ. á., ber að áliti dómarans aðeins að heimfæra undir lög um verslunarátvinnu nr. 52 frá 27. júní 1925, 14 gr. með því að engin refsíákvæði virðast vera til í gildandi lögum fyrir þá

sölu spánarvina, sem hjer um ræðir, eftir að áfengislögin nr. 64 frá 7. maí 1928 gengu í gildi. Þar sem að reglugjörð sú, sem sett skyldi vera samkvæmt 45. gr. nefndra laga var ekki komin út, er brotið var framið, Hinsvegar virðist kærður hafa brotið gegn ákvæði 14. gr. áðurnefndra laga um verslunarátvinnu með því að selja spánarvin, þegar og er tekið tillit til þess, að kærður hefir margoft áður verið dæmdur fyrir samskonar brot og hefir sýnilega gjört sjer atvinnu að sölu spánarvina án þess að hafa verslunarleyfi.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt í rikissjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Síðara brot kærðs ber að álitu dómarsans að heimfæra undir 16. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt í Menningarsjóð er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Auk þess greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 27/1928. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetarjettar Rangárvallasýslu 17. des. 1925: LögtaKsgjörðin gagnvart Kort Eyvindssyni á Sámsstöðum 4. þ. m. skal úr gildi feld og skal hann sýkn af öllum þeim kostnaði, er hún hefir haft í för með sjer.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 20. apríl